

1871.

1. apríl.

25. Tilskipun til bráðabirgða um eptirlaun handa öðrum yfirdómara og jústizsekretera í hinum konunglega íslenzka landsyfirrjetti, Benidikt Sveinssyni, sem hefir verið vikið frá embætti. (á Íslenzku og Dönsku).

Vér Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Um leið og Vér að öðru leyti áskiljum Oss, áður en Vér gjörum út um þetta mál að fullu og öllu, að bera það undir álit Vors trúa alþingis, bjóðum Vér og skipum fyrir til bráðabirgða á þessa leið:

Öðrum yfirdómara og jústizsekretera í hinum konunglega íslenzka landsyfirrjetti, Benidikt Sveinssyni, sem hefir verið vikið frá embætti, skulu veittir 450 rd. úr hinum íslenzka landssjóði í árleg eptirlaun frá 1. apríl. þ. á.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

12. apríl.

26. Umboðsskrá fyrir *Vilhjalm L. Finsen*, assessor í hæzta rétti, *O. M. Lütken*, herskipsstjóra, *H. G. Petersen*, póstumsjónarmann fyrir eyjastiptin, *Jón Sigurðsson*, alþingismað, og *C. P. A. Koch*, stórkaupmann, til að ganga í nefnd að rannsaka, hvort koma megi á reglulegum gufuskipsferðum kringum Ísland.

Kristján hinn Níundi, o. s. frv.: Vita skuluð þér, Vorir elskulegu herrar: *Vilhjalmur L. Finsen*, assessor í hæzta rétti, riddari dannebrogssorðunnar, *O. M. Lütken*, herskipsstjóri, kommandeur dannebrogssorðunnar og dannebrogsmáður, *H. G. Petersen*, póstumsjónarmaður fyrir eyjastiptin, riddari dannebrogssorðunnar, *Jón Sigurðsson*, alþingismaður, riddari dannebrogssorðunnar, og *C. P. A. Koch*, stórkaupmaður; að með því alþing hefir í fleiri en eitt skipti farið þess á leit, að komið verði á reglulegum gufuskipsferðum í kring um strendur Íslands, en engar skýrslur eru til,



1871.

12. apríl.

til þess að geta dæmt um, hve miklu megi gjöra ráð fyrir af alls konar flutningum fram og aftur á gufuskipsferðum þessum, nè nein áreiðanleg áætlun um kostnað þann, sem rísa mundi af ferðum þessum, og með því nú á bezt við, eptir að lög um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, 2. janúar þ. á. eru út gengin, að hafa við þær rannsóknir, sem með þarf, um það, hvort það sé gjörandi, að koma á slíkum gufuskipsferðum á kostnað hins íslenska landssjóðs, — hefir Oss þóknast að setja nefnd, til þess að ihuga þau atriði, sem snerta þetta mál.

Það er því allramildilegastur vili Vor og skipun, að þér gangið í nefnd, til þess að rannsaka og ihuga, hvort það sé gjörandi, að koma á reglulegum gufuskipsferðum í kringum strendur Íslands uppá kostnað landsins og sér í lagi yfirvega, hvernig hagfelldast mætti verða, að koma þessum gufuskipsferðum í samband við póstgufuskipsferðirnar, sem nú eru, milli Danmerkur og Íslands. Felum Vör þér, Finsen, allramildilegast á hendur að vera formaður í nefndinni og veitum Vör yður að öðru leyti heimild til, að fá hjá kunnugum mönnum, sem til þessa eru fúsir, álit þeirra og skýrslur, sem þér kynnið að æskja eptir, til þess að framkvæma það, sem yður hefir verið lagt fyrir; eigið þér, þegar þar að kemur, að senda dómsmálaráðherra Vorum álitsskjal yðar og uppástungur.

Eptir þessu eigið þér yður þegnlega að hegða. Felandi yður guði.

Skrifað í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn, 12. apríl. 1871.

Undir Voru konunglegu innsigli.

(L. S.)

Eptir allramildilegustu boði hans hátignar konungsins.

*Fr. Krieger.*